

Ed.

12. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsima- og talsimakerfi Íslands.

Flm.: Ingvar Pálmason.

Í stað orðanna: „Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga“ í 4. gr. laganna komi: Lína frá Brekku í Mjóafirði um Rima, Hof og Eldleysu að Dalatanga.

Aftan við sömu grein bætist: Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur.

Greinargerð.

Á þinginu 1929 var að tilhlutun vitamálastjóra sett inn í símalögin ný lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Var aðalástæðan fyrir þessari línu nauðsynin á að koma Dalatangavita í símasamband. Er sú ástæða enn fyrir hendi, og nú ríkari en nokkru sinni fyrr. Strax og kunnugt varð eystra um þessa ákvörðun, kom það fram frá þeim mönnum, sem kunnugastir eru öllum staðháttum, að heppilegra væri, að Dalatangi kæmist í símasamband frá Brekku í Mjóafirði en frá Skálanesi. Er leiðin frá Brekku að Dalatanga engu lengri en hin, en liggur öll með sjó, þar sem hin leiðin liggur yfir einn hinn hæsta fjallgarð á Austurlandi, og yrði á þeirri leið að leggja jarðsima á ca. 1 km. svæði (yfir Dalaskarð). Er það staðhæft af kunnugum mönnum, að lína frá Brekku verði ódýrari í lagningu en hina leiðina, auk þess sem hún kæmi fleiri heimilum að notum. Er með fyrri mgr. frvgr. farið fram á, að leiðin frá Brekku verði valin.

Um síðari mgr. frvgr. er það að segja, að með henni er farið fram á, að inn í símalög verði nú tekin lína til hinna aflasælu verstöðva norðan Gerpis, Barðsness og Sandvíkur, sem jafnframt kæmi hinum afskekktu byggðum Hellisfirði og Viðfirði í samband við simakerfi landsins. Sú lína er öll rúmlega 20 km. að lengd, og mun vart um það verða deilt, að full sanngirniskrafa sé fyrir hendi um að hún verði þegar tekin inn í símalög.